

MEMBRANE

Norræna húsið
Sæmundargata 11,
101 Reykjavík

06.06.2026 – 30.09.2026

Himna: *Goðsagnir* & *Skáldskapur úr Jörðu*

Sýningin *Himna* skoðar endurnýjun jarðvegs, grundvallarferli sem gerir jörðina byggilega og lifu kleift að kvikna, viðhaldast og endurnýja sig. Vísindalegar og pósthúmanískar nálganir lita í auknum mæli á jarðveg sem sjálfstætt lifandi kerfi: kvíkt, samlifandi ferli fremur en dauða auðlind. Jarðvegur felur í sér bæði lífsgefandi vöxt og mikilvæga hringrás niðurbrots og rotnunar. Vegna ógagnsæis hans og ómannlegra tímaþátta býður jarðvegur upp á getgátur, goðsagnir og frásagnir samhliða vísindalegri þekkingu. Með því að leiða saman samtímalistamenn af ólíkum toga sýnir *Himna* jarðveg sem fjöltegunda arkif og lifandi minni og skapar rými fyrir endurnýjuð jarðnesk tengsl handan manniðjunnar.

MEMBRANE

UM SÝNINGARSTJÓRANN

Thomas Pausz er sýningarstjóri og rannsakandi sem starfar á mörkum gagnrýnninnar vistfræði, myndlistar og vistfræðilegrar skáldskaparritunar. *Himna* er þriðja sýningin sem hann sýningarstýrir í Norræna húsinu í Reykjavík, á eftir *Re-Mapping the Arctic* og *Forms of Life*.

Sýningin *Himna* er afrakstur langtímasamtals við starfsfólk Norræna hússins, listamennina sem eiga verk á sýningunni, hönnuði og fræðimenn. Hún mótaðist smám saman út frá hugmyndinni um að skáldskapur og fabúlering geti víkkað vistfræðilega meðvitund um jarðveggsmótandi ferla. Í stað þess að sýna jarðvegsrannsóknir á listrænan hátt flétta verkin saman nýjar frásagnir og jarðvegs-mytólógjur: vonaróvætti, samlifandi ferðalanga og gegndræp skjól.

Flókið samband jarðvegs og sagna, jarðvegur sem geymsla minninga, hefur verið lýst á áhrifaríkan hátt af Tim Ingold, sem skilgreinir jarðveg sem *palimpsest*, lifandi himnu þar sem grafinn fortíðarheimur ris stöðugt upp í nútímann. Í þessari sýningu hrinda raddir fortíðar líkómum samtímans af stað: fornar minjar ferðast í tíma til að bjarga trjám í bílamiðaðri borgarmeningu okkar, og fornar lífverur taka sér bólfestu í stafrænu rými allt í kringum okkur.

SKANNAÐU TIL AÐ LESA MEIRA



SÝNINGARSTJÓRI
Thomas Pausz ^{FR} IS
Norræna húsið í Reykjavík

LISTAMENN
Peder Bjurman ^{SE}
Linda Boļšakova ^{LV}
Lucrezia Costa ^{IT}
Eglė Budvytytė ^{LT}

Johanna Seeleman ^{DE}
Sigrún Thorlaciús ^{IS}
Urbanas Studio ^{LT}

FRAMLHBANDI

Norræna húsið í Reykjavík

SAMSTARFSADILAR

Listahátíð í Reykjavík
Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands

GRAFÍSK HÖNNUN
Jan van der Kleijn

1. EGLĒ BUDVYTYTĒ

Eglė Budvytytė er listakona sem starfar á mörkum myndlistar og gjörningalistar. Hún nálgast hreyfingu og látbragð sem verkfæri til að umbylta ríkjandi normum, kynjakerfum, félagslegum hlutverkum og þeim frásögnum sem móta opinber rými. Í verkum sínum, sem spanna söng, ljóð, myndbönd og gjörninga, rannsakar hún kraft samstöðu, viðkvæmni og tengslin milli líkama, áhorfenda og umhverfis.

2. JOHANNA SEELEMANN

Johanna Seelemann er hönnuður með aðsetur í Reykjavík og Leipzig. Hún starfar á sviði vóruhönnunar, rýmisuppsetninga og efnistrannsóknna. Í vinnu sinni afkóðar hún hversdagslega hluti til að afhjúpa falin framleiðsluferfi, birgðakeðjur og vistfræðilegar hringrásir. Verk hennar hafa verið sýnd á alþjóðavettvangi, m.a. í Design Museum London, V&A og Villa Noailles, af tímaritinu Wallpaper hefur hún verið nefnd "skapandi leiðtogi sem víkkar út möguleika hönnunar í dag". Hún hefur verið tilnefnd til Íslensku hönnunarverðlaunanna 2025, Dutch Design Awards Emerging Talent Award 2025 og Ralph Saltzman Prize 2025.

3. URBONAS STUDIO

Urbanas Studio, sem er stofnað af Nomedas & Gediminas Urbanas, er þverfagleg rannsóknarstofnun sem stuðlar að samtali milli ólíkra þekkingarsviða og listsköpunar í þágu verkefna sem umbreyta borgar-rýmum og vinna með samfélagslegt ímyndunaraf. Í samstarfi við sérfræðinga úr ólíkum menningar- og faggreinum þróar stofan rannsóknarlíkön sem sameina efni og aðferðir úr nýmiðlun, borgarfræðum, félagsvísindum, fræðslu og vistfræði.

4. LINDA BOĻŠAKOVA

Linda Boļšakova rannsakar tengsl manna við umhverfið og dregur fram hliðstæður milli mannlegra og ómannlegra líkamsforma. Verk hennar leitast við að afhjúpa tengsl og efla tilfinningu fyrir tilheyrandi vistkerfum og því viðfeðma samfélagi lífvera sem deila jörðinni. Hún leitast einnig við að skapa rými fyrir samkennd og menningarlega sjálfbærni. Vinnan er mótuð af hlutbundinni verufræði, nýefnisstefnu, vistfeminisma og ferlisheimspeki, og byggir á viðurkenningu á virkni og hlutfallslegu jafnræði efna og annarra ómannlegra vera.

5. PEDER BJURMAN

Peder Bjurman er listamaður, rithöfundur og leikstjóri. Með því að sameina myndmál og tónlist við abstrakt- eða frásagnarkennda texta blandar hann gjarnan því harmræna, ljóðræna og kómíska. Hann leggur jafna áherslu á mikilvægi ljóss, hljóðs, leikmyndar og frammistöðu leikara og notar oft háþróaða og glænýja sviðstækni. Verk hans eru gjarnan unnin í nánu samstarfi við leikhópa eða aðra listamenn, tónskáld, hönnuði og tæknifyrirtæki.

6. LUCREZIA COSTA

Lucrezia Costa er ítölsk myndlistarkona með aðsetur í Reykjavík. Hún er með BA í ljósmyndun og lauk nýverið MFA frá Listháskóla Íslands. Verk hennar spanna skúlptúr, innsetningar og þátttökulist og kanna hlutverk listar í því að takast á við rofin tengsl milli manna, landslags og annarra lífvera. Hún vinnur með ferla endurheimtar og viðgerðar í efnislegu, vistfræðilegu og félagslegu samhengi og beinir sjónum að bæði tengslamissi og möguleikum á endurnýjuðum tengslum.

7. SIGRÚN THORLACIUS

Sigrún Thorlaciús er líffræðingur og hönnuður sem vinnur með vistfræðilega ferla og tímaskala handan mannlegrar skynjunar. Hún nýtir líkingar úr náttúrunni og *slow design* til að kanna hvernig líffræðileg kerfi geta mótað nýjar hugmyndir um umhyggju, umbreytingu og samvist. Verk hennar snúast oft um niðurbrot, endurnýjun og efnisbreytingar og beina sjónum að samvinnuðum tengslum mannlegra kerfa og lifandi lífvera. Með innsetningum og rannsóknarverkefnum, þar á meðal um sveppagróður og votlendi, skoðar hún hvernig umhverfis- og félagsleg velliðan tengjast á ólíkum tímaskólum.

1. EGLĒ BUDVYTYTĒ (LT) *Songs from the Compost, Mutating Bodies, Imploding Stars*
4K myndband, 28 mín, 2020

Verkið er unnið í samstarfi við Mariju Olšauskaitė og Juliju Lukas Steponaitytė. Verkið *Songs from the Compost* kannar á dáleiðandi hátt ómannleg meðvitundarform og mismunandi víddir samlífs: samháð, uppgjöf, dauða og niðurbrot. Myndbandið er tekið upp í furuskógum og sandöldum Kúróniustrandarinnar og í því afhjúpast smám saman gjörningur í gegnum sérsamda tónlist sem miðlar löngunum veru sem í myndbandinu umbreytist milli kynja, radda og handan mannlegrar líkamsgerðar. Í verkinu má sjá ungmenni úr nærsamfélaginu ásamt danshöfundinum Mami Kang. Hreyfingin hafnar hinum lóðrétta mannlíkama með því að fella hann inn í landslagið þannig að líkamarnir dragast stöðugt að jörðinni og hver að öðrum. Í myndinni má heyra dáleiðandi rödd sem dregur innblástur frá skrifum líffræðingsins Lynn Margulis og vísindaskáldsagnahöfundarins Octaviu Butler um samlífi, stökkbreytingar og blendinga.

2. JOHANNA SEELEMANN (DE) *Oase*
Ógljádur terrakotta leir, trjárætur, 2025

Oase leggur til inngríp sem bætir aðstæður trjáa í borgarrýmum og byggir á fornri lágtækni vökvunaraðferð. Ógljáðar terrakottakrukkur virka sem vatnsgeymar. Þegar þær eru grafnar nálægt tré leyfir gegndræpi efnisins rótum trésins að draga í sig raka. Borgartré búa við aðstæður sem eru mótaðar fyrir fólk og bíla. Þrátt fyrir mikilvægi þeirra fyrir vistkerfi og heilsu borga eru tré oft jadarsett og litið á þau sem „götu húsgögn“. Þetta leiðir til ýmissa áskorana fyrir heilsu trjáa, svo sem of þétt yfirborð, vatnsskort, ofhitnun, vindgöng, þjappaðan jarðveg og takmarkað rôtarsvæði. Verkið var upphaflega pantað af MAKK Museum í Köln.

3. URBONAS STUDIO (LT) *Swamp Intelligence*
Innsetning; byggður veggur, landslagsmódel, gervigreind, 2019

Inni í veggnum er vistkerfi þar sem náttúruleg form renna saman við stafrænar lífverur. *Swamp Intelligence* byggir á NoPlace Neural Network (NNN), afbrigði af skilyrtri gervigreind sem er notuð til að kanna getu tauganeta til að mynda nýja og frumlega myndgerð úr tveimur gagnasöfnum: annars vegar lífverum úr mýravistkerfum og hins vegar byggingarformum. Kerfið nýtir white noise til að skapa sambland náttúru, byggingarlistar og tækni, framandlegrar í mannlegri skynjun, og endurspeglar þannig dularfullt eðli mýra sem jadarryma vistfræðilegra umbreytinga.

4. LINDA BOĽŠAKOVA (LV) *For as Long as Mountains Dance*
Steinefni, mannlíkamar, vatnsgufa, hljóð og prentað efni, 2026


Er mögulegt að dansa með því jarðfræðilega? Ef við hugsum um dans sem hreyfingu efnislegra líkamsgerða, erum við þá ekki að dansa nú þegar? Þeir kraftar sem hreyfa við jörðinni, svo sem þyngdarafl og hiti, hreyfa einnig líkama okkar. Á sama hátt flæða steinefni, sem mynduðust við hina ýmsu jarðfræðilegu ferla, nú um holdlega líkama okkar. Þetta verk, sem þróaðist með langvarandi vinnu á jarðhitasvæðum, á jöklum og hraunbreiðum Íslands, leggur til annarskonar túlkun á fjöllum og hinu jarðfræðilega, þessum djúptímaverum, ekki sem stöðnu efni í líkingu við skúlptúr, heldur sem mikilfenglegar verur í líki gjörnings. Það er tilraunakennd upphitun fyrir þennan dans, sem á sér stað þvert á tíma og takta sem eru mun víðfemari en okkar líftími. Mögulega hófst þessi gjörningur fyrir milljónum ára og mun halda áfram að flæða í gegnum líkama okkar og umbreytast í aðra líkama, svo lengi sem fjöllin dansa.

5. PEDER BJURMAN (SE) *Slow Walker*
Stafræn hreyfimynd, staðsetningarmiðuð upplifun/
göngutúr, ljósmyndun, 2024

Slow Walker notast við sýndarveruleika og sýnir örsmáar tardigrades sem risavaxnar í landslaginu í kringum Norræna húsið. Þessar risastóru verur hreyfast löturhægt, virðast svífa í landslaginu og bregðast við nærveru áhorfenda. Tardigrades eru örsmáar lífverur sem þola öfgakenndar hitabreytingar, allt frá algjöru frostmarki til mikils hita. Samt sem áður hafa loftslagsbreytingar mikil áhrif á búsvæði þeirra, mýrar og mosabreiður, sem vegna hitabreytinga eru í útrýmingahættu. Þessar risavöxnu og hverfulu verur “Slow Walker” sveima á milli lífs og dauða sem tákni um brothætt vistkerfi, dularfullar verur og sem skúlptúrísk form.

6. LUCREZIA COSTA (IT) *Landsleg*
Staðbundin úti-innsetning; torf, viðarstrúktúr, tjaldefni, 2025

Landsleg rannsakar tengsl milli mannlíkamans og landsins. Verkið dregur innblástur úr *Carrier Bag Theory of Fiction* eftir Ursula K. Le Guin og rannsóknum Guðrúnar Jóhannesdóttur á líkamsbundinni þekkingu. Upphafspunkturinn er íslenska orðið *landsleg*, fornryrði fyrir landslag sem einnig bergmálar orðið *leg*, sem merkir móðurlíf eða hvíldarstaður. Verkið er skjól í formi skála, grafið í jörðina, myndað úr lögum af torfi, mosa og plöntum. Gestir geta gengið inn í verkið, legið í því eða dvalið tímabundið. Landsleg umfaðmar líkamann og gefur beina snertingu við jarðveginn, opnar skynrænt rými þar sem tengsl við landið birtast í gegnum snertingu, þunga og jarðtengingu.



7. SÍGRÚN THORLACIUS (IS) *A Matter of Time (Healing Earth)*
Bílvél, sveppagróður (ostrusveppur), 2015

Healing Earth sýnir bílvél sem hefur smám saman brotnar niður vegna sveppagróðurs. Iðnaðarefni er komið í snertingu við líffræðilega ferla og niðurbrot fær að eiga sér stað yfir langan tíma. Sveppagróðurinn sem notaður er hefur getu til að brjóta niður mótórolíu, jarðefnaeldsneyti og þungmálma. Verkið vísar til þess hvernig eittraður úrgangur er grafinn í landfyllingar, en bendir jafnframt á langtíma lausnir til að hreinsa jörðina af slíkum úrgangi. *Healing Earth* vinnur með tímaskala handan mannlegrar skynjunar þar sem niðurbrot tekur á sig form umbreytinga og minnir okkur á hina hægu hringrás jarðvegsendurnýjunar.

